

FUNDARGERÐ 515. FUNDAR STJÓRNAR SORPU bs.

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, miðvikudaginn 23. apríl 2025. Fundurinn er settur klukkan 07:30. Fundurinn er fjarfundur.

Fundarstjóri: Valdimar Víðisson.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Sækja fjarfund: Kristinn Jón Ólafsson í forföllum Dóru Bjartar Guðjónsdóttur, Margrét Bjarnadóttir í forföllum Gunnars Vals Gíslasonar, Orri Vignir Hlöðversson, Svana Helen Björnsdóttir, Sævar Birgisson í forföllum Aldísar Stefánsdóttur, og Valdimar Víðisson.

Jón Viggó Gunnarsson, framkvæmdastjóri, Gunnar Dofri Ólafsson, sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs, og Þórhallur Hákonarson fjármálastjóri sækja fjarfund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

Tekið fyrir

1. Val á fundarstjóra

Í forföllum hvort tveggja formanns og varaformanns stjórnar ákveður stjórn samhljóða að fela Valdimar Víðissyni stjórn fundarins.

2. Málefni endurvinnslustöðva: Niðurstaða útboðs um byggingu endurvinnslustöðvar við Lambhagaveg og fjármögnun

Ingí Jarl Sigurvaldason, innkaupastjóri SORPU, tekur sæti á fundinum undir þessum lið, og gerir grein fyrir tilboðum sem bárust í byggingu nýrrar endurvinnslustöðvar við Lambhagaveg. Innkaupastjóri leggur til að gengið verði að tilboði fyrirtækisins Sjammi ehf., sem er 12,3% undir kostnaðaráætlun.

Stjórn samþykkir tillögu innkaupastjóra og felur framkvæmdastjóra að ganga til samningaviðræðna við Sjamma ehf.

Fjármálastjóri leggur fram tillögu um lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. vegna verkefnisins.

Stjórn bókar eftirfarandi:

Stjórn SORPU bs., samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga allt að fjárhæð 1.345.000.000 kr.,- með þeim lánaskilmálum sem bjóðast á þeim tíma sem lántaka fer fram.

Lánið er tekið til uppbyggingar á nýrri endurvinnslustöð við Lambhagaveg, sem telst hafa almenna efnahagslega þýðingu, sbr. lög nr. 150/2006.

Jafnframt er Jóni Viggó Gunnarssyni, framkvæmdastjóra SORPU bs., veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. SORPU bs., að undirrita lánssamninga við Lánasjóð

sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu þessa láns ásamt vöxtum og kostnaði stendur einföld ábyrgð eigenda SORPU bs., þ.e.a.s. Reykjavíkurborg, Kópavogsbæ, Hafnarfjarðarbæ, Garðabæ, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesbæ. Framkvæmdastjóra er falið að óska eftir samþykki sveitarfélaganna í samræmi við kröfur sjóðsins.

3. Endurfjármögnun á eldra láni

Fjármálastjóri gerir grein fyrir endurfjármögnun á eingreiðsluláni hjá Íslandsbanka. Endurfjármögnunin er í samræmi við fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 sem samþykkt var á 507. Stjórnarfundum SORPU bs. þann 18. október 2024 og á 51. eigendafundi SORPU bs. þann 25. október 2024.

Stjórn bókar eftirfarandi:

Stjórn SORPU bs., samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð kr. 639.000.000,- með þeim lánaskilmálum sem býðst á þeim tíma sem lántaka fer fram.

Lánið er tekið til endurfjármögnunar á forvinnslulínu fyrir blandaðan úrgang frá heimilum sem fellur ekki undir reglugerð ESB nr. 2139/2021, og sem telst hafa almenna efnahagslega þýðingu, sbr. lög nr. 150/2006.

Jafnframt er Jóni Viggó Gunnarssyni, framkvæmdastjóra SORPU bs., veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. SORPU bs., að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu þessa láns ásamt vöxtum og kostnaði stendur einföld ábyrgð eigenda SORPU bs., þ.e.a.s. Reykjavíkurborg, Kópavogsbæ, Hafnarfjarðarbæ, Garðabæ, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesbæ. Framkvæmdastjóra er falið að óska eftir samþykki sveitarfélaganna í samræmi við kröfur sjóðsins.

Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður 7. maí klukkan 07:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 07:57.